

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 18.06.2021

Fundur 5-2021

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar föstudaginn 18. júní 2021 kl. 8:00 í Skagabúð.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R. Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Skipulags- og byggingarmál

- a) Fundargerð bygginga- og skipulagsnefndar dags. 09.06.21
- b) Umsókn um framkvæmdaleyfi - gögn

2. Niðurstöður kosninga um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu

- a) Bréf frá Jóni Gíslasyni, formanni samstarfsnefndar
- b) Næstu skref

3. Bréf og fundargerðir:

- a) Skjalasafn Austur-Húnavetninga 15. júní 2021
- b) Félag atvinnurekenda dags. 1. júní 2021
- c) Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið dags. 28. maí 2021
- d) Forsætisráðuneytið dags. 28. maí 2021
- e) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 3. júní 2021
- f) Fundargerð SSSNV dags. 3. júní 2021
- g) Fundargerð aðalfundar Heimilisiðnaðarsafnsins dags. 27. maí 21
- h) Fundargerð landsþings sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 21. maí 2021
 - i) Bréf sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 1. júní 2021
 - ii) Skýrsla framtíðarseturs Íslands

4. Hreinsun í Kálfshamarsvík

5. Samþykktir fyrir Norðurá bs.

6. Önnur mál

Afgreiðsla:

1. Skipulags- og byggingarmál

- a) Fundargerð bygginga- og skipulagsnefndar dags. 09.06.21

Fundargerð lögð fram og ákveðið að taka gögn undir lið b) með þessari afgreiðslu. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og felur byggingafulltrúa að gefa út byggingaleyfi og framkvæmdaleyfi skv. fundargerð.

- b) Umsókn um framkvæmdaleyfi – gögn
Gögn frá Vegagerðinni lögð fram undir lið a)

2. Niðurstöður kosninga um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu

- a) Bréf frá Jóni Gíslasyni, formanni samstarfsnefndar

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 18.06.2021

Fundur 5-2021

Í bréfinu eru kynntar niðurstöður kosninga um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu 5. júní s.l. Kosningin var felld í Skagabyggð og í sveitarfélaginu Skagaströnd. Samkvæmt bréfinu hefur samstarfsnefndin lokið störfum. Sveitarstjórn Skagabyggðar þakkar samstarfsnefndinni fyrir þá vinnu sem lögð var til vegna undirbúnings kosninganna.

b) Næstu skref

Sveitarstjóri Skagastrandar og oddviti Skagabyggðar hafa hist á óformlegum fundi til að ræða mögulega sameiningu sveitarfélaganna tveggja. Samþykkt að hitta sveitarstjórn Skagastrandar á fundi verði óskað eftir því.

3.Bréf og fundargerðir:

a) Skjalasafn Austur-Húnavetninga dags. 15. júní 2021

Í bréfinu er sagt frá skýrslu um móttöku og rafræna vörslu gagna.

Oddvita falið að hafa samráð við önnur sveitarfélög varðandi þetta mál.

b) Félag atvinnurekenda dags. 1. júní 2021

Í bréfinu er farið fram á að sveitarfélög lækki fasteignaskatt á atvinnuhúsnæði fyrir næsta ár, vegna hækkunar fasteignamats. Óverulegur hluti fasteigna í Skagabyggð fellur undir atvinnuhúsnæði og því verður ekkert aðhafst vegna þessa máls.

Bréfið lagt fram til kynningar.

c) Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið dags. 28. maí 2021

Í bréfinu eru reifaðar breytingar á jarðalögum er taka gildi 1. júlí n.k. Bréfið lagt fram til kynningar.

d) Forsætisráðuneytið dags. 28. maí 2021

Í bréfinu er kynnt þingsályktun er snýr að forvörnum fyrir börn og ungmenni gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni. Bréfið lagt fram til kynningar.

e) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 3. júní 2021

Í bréfinu er kynnt sama efni og er í bréfi forsætisráðuneytisins undir lið d).

Bréfið lagt fram til kynningar.

f) Fundargerð SSNV dags. 3. júní 2021

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð aðalfundar Heimilisiðnaðarsafnsins dags. 27. maí 2021

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 18.06.2021

Fundur 5-2021

h) Fundargerð landsþings sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 21. maí 2021

i) Bréf sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 1. júní 2021

Í bréfinu eru sveitarstjórnir hvattar til að kynna sér skýrslu um framtíðarsetur Íslands. Bréfið lagt fram til kynningar.

ii) Skýrsla framtíðarseturs Íslands

Lögð fram til kynningar

4. Hreinsun í Kálfshamarsvík

Kvenfélagið Hekla hyggst standa fyrir hreinsun í Kálfshamarsvík 29. júní n.k. og óskar eftir aðkomu sveitarfélagsins að verkefninu. Hugmyndin er að grilla við Skagabúð eftir hreinsun og er öllum íbúum boðið. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja kvenfélagið í hreinsuninni um 100.000 kr og leggja til Skagabúð.

5. Samþykktir fyrir Norðurá bs.

Lagðar fram til kynningar.

6. Önnur mál

Rætt um söfnun rúlluplasts í sveitarfélaginu í júní.

Oddvita falið að hafa samband við vegagerðina um að keyra í veginn niður í Kálfshamarsvík. Einnig að bæta planið.

Rætt um að kanna hug íbúa varðandi uppsetningu ljósastaura í sveitarfélaginu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 10:20

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Karen Helga R Steinsdóttir

Magnús Guðmannsson

Kristján Steinar Kristjánsson